

Þeir sem eru 18 ára og eldri og hafa tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum geta sótt um fjárhagsaðstoð. Upplýsingar um viðmiðunarfjárhæð hvers sveitarfélags fyrir sig er hægt að finna á heimasíðum sveitarfélaga eða hjá viðkomandi félagsþjónustu.

Einstaklingur á almennt ekki rétt á fjárhagsaðstoð lögheimilissveitarfélags eigi hann rétt á aðstoð annars staðar frá.

Hvað getur haft áhrif á útreikning fjárhagsaðstoðar?

Hafi umsækjandi sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleiðaráætlun, er heimilt að skerða fjárhagsaðstoðina um helming mánuðinn sem atvinnutilboðinu var hafnað og næsta mánuð á eftir. Hafi viðkomandi ekki hafið atvinnuleit hjá Vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

Umsókn gildir að öllu jöfnu frá þeim degi sem beiðni berst um aðstoð (eða umsókn er lögð fram). Dagsetja skal umsókn um fjárhagsaðstoð frá síðustu mánaðamótum og skoða jafnframt tekjur frá mánaðamótum á undan til að athuga hvort þær hafi verið hærri en viðmiðunartekjur. Framfærsla umsóknarmánaðar skerðist um þá fjárhæð.

Nánari upplýsingar um fjárhagsaðstoð veitir félagsþjónusta viðkomandi lögheimilissveitarfélags ásamt upplýsingum um hvaða gögn skulu fylgja. Fjárhagsaðstoð er skattskyld og því er nauðsynlegt að sá sem fær slíka aðstoð skili inn skattkort til félagsþjónustunnar.

Fjárhagsaðstoð sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er alltaf endurkræf.

Nánari upplýsingar á vefnum

Sjá nánar á <http://www.samband.is/verkefning/felagsthjonusta/fjarhagsadstod/>

eða á <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/reglur/>

© Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögfræði- og velferðarsvið 2012/1

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Umsjón með útgáfu: Gyða Hjartardóttir

Sveitarfélögum er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga gilda reglur viðkomandi sveitarfélaga í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga



Nauðsynlegt er að umsækjandi og maki/sambúðaraðili kanni til þrautar rétt til annarra greiðslna áður en leitað er eftir fjárhagsaðstoð, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna.

Fjárhagsaðstoð sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er alltaf endurkræf.



Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Hverjir geta sótt um fjárhagsaðstoð?

Þeir sem eru 18 ára og eldri og hafa tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum geta sótt um fjárhagsaðstoð. Upplýsingar um viðmiðunarfjárhæð hvers sveitarfélags fyrir sig er hægt að finna á heimasíðum sveitarfélaga eða hjá viðkomandi félagsþjónustu.

Sótt er um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu lögheimilis-sveitarfélags og getur aðstoðin verið í formi láns eða styrks. Þeir sem óska eftir ráðgjöf og/eða upplýsingum um fjárhagsaðstoð skulu jafnframt leita til félagsþjónustu síns lögheimilissveitarfélags. Umsóknareyðublöð er almennt hægt að nálgast hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Aðstoðin er almennt óháð barnafjölda, þar sem

reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Vaxtabætur og húsaleigubætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar þurfa að hafa hætt rekstri og lagt inn virðisskattsaukannúmer til að geta sótt um fjárhagsaðstoð.



Umsóknir og fylgigögn

Umsókn skal útfyllt á sérstöku umsóknareyðublaði, þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, maka og nöfn barna á framfæri. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann nýta sér þann rétt og aðeins eiga rétt á fjárhagsaðstoð að viðmiðunarmörkum. Til þess þarf hann að framvísa launaseðli eða greiðslufirliti frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Nauðsynlegt er að umsækjandi og maki/sambúðaraðili kanni til þrautar rétt til annarra greiðslna áður en leitað er eftir fjárhagsaðstoð, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna.

Félagsleg ráðgjöf

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eiga félagsmálanefndir sveitarfélaganna að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Markmiðið með félagslegri ráðgjöf er m.a. að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál einstaklinga og veita þeim einstaklingum stuðning sem eiga við félagslegan, fjárhagslegan og eða persónulegan vanda að stríða.

